



Landbúnaðarnefnd Blönduós bæjar - 14. fundur  
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 6. júní 2017  
og hófst kl. 15:00

**Fundinn sátu:**

Anna Margrét Jónsdóttir, formaður  
Gauti Jónsson, aðalmaður  
Þórður Pálsson aðalmaður

**Fundargerð ritaði:** Anna Margrét Jónsdóttir, formaður

**Dagskrá:**

**1. Refa- og minkaveiði - 1705038**

*Ákveðið var að fara yfir fyrirkomulag refa og minnkaveiða eftir veiðitímabilið 2017. Stefnt er að því að útbúa samning við grenjaskyttu, á svipuðum nótum og Skagabyggð gerði við sínar skyttur. Stefnt er á að þessari vinnu verði lokið fyrir gerð fjárhagsáætlunar 2018.*

**2. Upprekstur hrossa - 1706001**

*Ákveðið hefur verið að leyfa upprekstur hrossa úr sveitarfélaginu á afrétt Blönduós bæjar frá og með mánudeginum 12. júní nk.*

**3. Göngur og réttir 2017 - 1706002**

*Fyrri réttir í Skrapatungurétt verða 10. September samkvæmt fjallskilareglugerð. Stóðsmölun á Laxárdal verður 16. september og stóðréttir 17. september. Stefnt er að því að seinni fjárleitir á Laxárdal verði fimmtudaginn 14. september og er það breyting á fyrra fyrirkomulagi. Með þessari breytingu verður eingöngu smalað hrossum 16. september. Landbúnaðarnefnd skorar á sveitarstjórn að ráða viðburðarstjóra sem vinnur að markaðssetningu og auglýsingu á stóðréttinni. Ekki er einhugur í nefndinni um þessa breytingu. Áréttað er að þetta fyrirkomulag er til reynslu.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:35**

---

Anna Margrét Jónsdóttir

---

Gauti Jónsson

---

Þórður Pálsson